

Sp. 312. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]
um fjarkennslu á vegum Háskóla Íslands.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela Háskóla Íslands að stofna og starfrækja fjarkennsludeild, opinn hákóla, sem geri nemendum sínum kleift að stunda háskólanám í heimahúsum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Nám þetta geti allir stundað sem vilja án tillits til búsetu eða fyrri menntunar.

Greinargerð.

Óþarfi er að minna á hve gífurlegar breytingar verða í vísindum og tækni með hverju ári. Hitt vill frekar gleymast, hve mikilvægt er að menntakerfið haldi í við tækniþróun samtímans, miðli nýjustu þekkingu til fjöldans en ekki aðeins fárra útvaldra og nýti sér nýja kennslutækni til fulls.

Hér er gerð tillaga um nýjan skóla sem starfrækt verði á vegum Háskóla Íslands. Í skólanum verði boðið upp á fjölbreytt háskólanám er menn geti stundað um allt land heima hjá sér eða í smáhópum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Þannig verði æðri menntun gerð aðgengileg fyrir alla, óháð aldri, búsetu eða fyrri menntun.

Tilgangur þessarar starfsemi væri:

- að veita áhugasömu fólki fjarri menntastöðvum aðganga tækifæri til æðri menntunar.
- að byggja upp áfangakerfi fyrir nemendur sem ekki uppfylla formleg menntunarskilyrði háskóla.
- að byggja upp samfellt menntakerfi til að þjálfa og endurmennta starfsfólk í atvinnulífi í nánú samstarfi við atvinnuvegina.
- að hafa forustu hér á landi um notkun fjölmiðla í fræðsiuskyni og þróa kennsluaðferðir á þessu sviði með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hjá öðrum þjóðum.

Einhver kann að spyrja, hvort ekki sé einfaldast að bjóða fram fræðsluefni á myndbandaleigum og sjá hver eftirspurnin verður. Eða er kannske mikið beðið um fræðsluefni á þessum markaði? — kann annar að bæta við.

Vissulega ekki. Flóðbylgja fjölmiðlabyllingar hefur ekki aukið fræðslu og menntun. Þvert á móti þekkja það allir að megnið af útleigðu efni á myndbandaleigum er yfirborðslegt afþreyingarefni og sumt beinlínis afmenntandi enda aðallega byggt á reyfurum, kynórum og hryllingi hvers konar.

Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að menntandi fræðsluefni á myndböndum eigi eftir að keppa við æsiefnið á frjálsum markaði, ef framboð þess er tengt samræmdu námi sem stefnir að ákveðnu markmiði og virkjar þannig metnað fólks og löngun til að auka þekkingu sína og réttindi í atvinnulífi.

Hér hefur myndbandatæknin verið sérstaklega nefnd, enda hafa tugir þúsunda tækja verið seld hér á landi seinustu árin. Útbreiðsla þessara tækja er reyndar meiri en í flestum öðrum löndum og var áætlað að þau væru á 38% íslenskra heimila samkvæmt könnun sem gerð var í mars 1985. Þessi mikla útbreiðsla myndbandatækja hlýtur að skapa nýja og áður óþekkt möguleika til að flytja fólki fræðsluefni og auðvelda því endurmenntun. En ekki er heldur vafi á því að tölvutæknin verður einnig orðin almenningsseign að fáum árum liðnum og á eftir að auðvelda fólki mjög að stunda heimanám og njóta kennslu, þótt langt sé milli nemenda og kennara.

Vitað er að mikill áhugi er á því í Háskóla Íslands, m.a. hjá rektor, dr. Sigmundi Guðbjarnasyni, að opinn háskóli verði settur hér á stofn en til þess þarf að sjálfsögðu fjárveitingu og ákvörðun Alþingis. Hefur háskólaректор veitt flutningsmanni þessarar tillögu ýmsar upplýsingar um *Opna háskólann í Bretlandi* sem starfræktur hefur verið í einn og hálfan áratug með mjög góðum árangri.

Að sjálfsögðu fylgir því nokkur kostnaður að setja þessa starfsemi á stofn og stjórna henni. Kostnaðurinn í upphafi ræðst þó fyrst og fremst af því hversu hratt er af stað farið. En ljóst er að unnt er að kaupa mikið magn kennsluefnis erlendis frá fyrir fjárhæðir sem ekki teljast stórar í fjárlagadæminu og þýða það á íslensku. Ekki þarf heldur að efast um að sá kostnaður mun skila sér margfaldlega með aukinni menntun landsmanna.

Miklar umræður hafa átt sér stað seinasta áratuginn um fullorðinsfræðslu, sbr. stjórnarfrumvarp um það efni á seinasta áratug og umræður um *Útvarpsskólann* sem aldrei sá dagsins ljós en var einmitt ætlað að færa sér nýja fjölmiðlatækni í nyt. Hins vegar hefur orðið veruleg breyting til batnaðar varðandi fullorðinsfræðslu í framhaldsskólum með stórauðinni starfsemi öldungadeilda við mennta- og fjölbrautaskóla.

Að lokum er rétt að benda á vegna umræðna um háskólakennslu á Akureyri að tillaga þessi um opinn háskóla beinist á engan hátt gegn þeim áformum, heldur þarf þvert á móti að athuga vandlega hvernig helst má samræma þessa hugmyndir og koma þeim báðum í framkvæmd.

Tillaga þessi um *opinn háskóla* var flutt á þingi í fyrra en varð ekki útrædd. Félagsmálanefnd sameinaðs þings sendi tillöguna til umsagnar nokkurra aðila og voru þau svör sem bárust mjög jákvæð. Tvær umsagnir eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Umsógn útvarpsráðs um tillöguna.

7. febrúar 1986.

Útvarpsráð hefur fjallað um bréf yðar dags. 19. desember 1985 varðandi tillögu til þingsályktunar um opinn háskóla (122. mál). Útvarpsráð telur tillöguna athyglisverða og mælir með því að kannaðir verði til hlítar möguleikar á framkvæmd hennar.

Mikilvægt er að nýta útvarpstæknina sem best til þess að efla menntun og menningu með þjóðinni. Í 16. gr. útvarpslaganna er ákvæði um að Ríkisútvarpið skuli „starfrækja fræðsluútlán í samvinnu við fræðslufirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum“.

Hugmyndin um opinn háskóla gæti tengst þessu ákvæði en krefst mikils undirbúnings og fjármagns. Útvarpsráð telur miklu varða að tryggilega sé gengið frá fjárhagslegum forsendum slíkrar stofnunar áður en til framkvæmda kemur. Nauðsynlegt er einnig að kynna sér rækilega reynslu annarra þjóða í þessu efni, svo og hvaða námsefni er á boðstólum og hvernig Íslendingar geti nýtt sér það.

Brýnt er að ganga frá samningum við rétthafa útvarpssefnis til þess að unnt sé að fullnægja ákvæðum 17 gr. útvarpslaganna um útlán og sölu dagskrárefnis sem flutt hefur verið. Þess háttar samningar eru einnig nauðsynlegur liður í undirbúningi þess máls sem hér um ræðir.

Opinn háskóli mundi opna mörgum nýjar leiðir til náms og ekki þarf að orðlengja um tækifærin til endurmenntunar og fullorðinsfræðslu sem þar mundu bjóðast. En þörf er á að skipuleggja námið þannig að það geti veitt prófgráður og réttindi þar sem við á og er rétt að leggja áherslu á það meir en gert er í þingsályktunartillögunni og greinargerð hennar.

F.h. útvarpsráðs,
Inga Jóna Þórðardóttir,
formaður.

Fylgiskjal II.

Umsögn Bandalags kennarafélaga um tillöguna.

10. janúar 1986.

Stjórnir Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags hafa vísað erindi félagsmálanefndar, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 135, um opinn háskóla, til Bandalags kennarafélaga til umfjöllunar. Framkvæmdanefnd skólamálaráðs BK og stjórn bandalagsins hafa fjallað um tillöguna og á fundi stjórnar 8. þ.m. var eftirfarandi bréf samþykkt:

Stjórnin fagnar tillögunni sem og öðrum þeim sem lúta að aukinni almennri menntun í landinu og hvetur eindregið til þess að nútímatækni verði fullur gaumur gefinn í því sambandi.

Hins vegar vill stjórnin minna á að mjög skortir á að kennarar landsins eigi þess kost að afla sér nauðsynlegrar menntunar í meðferð sjónvarps-, útvarps- og tölvutækni til kennslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú tækni verði notuð til fullnustu. Eigi svo að geta orðið verður kennsluefni, unnið af kennurum og öðru sérfróðu fólki, að vera fyrir hendi. Forsenda þess er að kennarar eigi kost á námskeiðum og leiðsögn, því án þátttöku menntaðra kennara verður námsefnisgerð í skötulíki.

Stjórn BK minnir einnig á að innan Námsgagnastofnunar starfar Fræðslumyndadeild og er ætlað það hlutverk að sjá skólum landsins fyrir námsefni á filmum og myndböndum. Því miður hefur uppbygging hennar og þróun liðið fyrir mikinn fjárskort. Væri fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar eflað gæti hún betur sinnt hlutverki sínu og einnig komið til móts við einstaklinga við heimanám.

Enn fremur má á það minna að fræðslu- og menningarefni sem framleitt hefur verið og sýnt í íslenska sjónvarpinu nýtist ekki skólum og almenningi sem skyldi þar sem ekki hefur verið leyft að dreifa því efni.

Fyrir hönd stjórnar Bandalags kennarafélaga,
virðingarfyllst,
Heimir Pálsson,
formaður.